

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað tölunnar „90“ í lok 1. másl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna kemur: 100.

2. gr.

Í stað tölunnar „12“ í lok 1. másl. 1. mgr. 3. gr. a. reglnanna kemur: 14.

3. gr.

Í stað tölunnar „48“ í lok 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglnanna kemur: 50.

4. gr.

6. gr. reglnanna orðast svo:

Fjöldi nýrra nemenda í námi til MS-prófs prófs í hagnýtri sálfræði, kjörsviðinu *klínísk sálfræði*, til starfsréttinda samkvæmt lögum nr. 40/1976, takmarkast við töluna 20.

Fjöldi nýrra nemenda á öðrum kjörsviðum MS-náms í hagnýtri sálfræði takmarkast við töluna 15.

Ef þeir sem sækja um að hefja nám til MS-prófs í hagnýtri sálfræði, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a. Röðun einkunna nemenda í námskeiðum og/eða aðaleinkunnar á lokaprófi í sálfræði.
- b. Viðtölum.
- c. Öðru námi sem umsækjandi hefur lokið.
- d. Birtingum í ritryndum tímaritum.
- e. Starfsreynslu umsækjanda.
- f. Greinargerðum um fyrirhugað starfsval.
- g. Meðmælabréfum.

Sérstök inntökunefnd sálfræðideildar annast val nemenda.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. reglnanna bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjöldi nýrra nemenda í MS-námi í klínískri næringarfræði takmarkast við töluna 2. Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a. Einkunnum í háskóla.
- b. Starfsreynslu.
- c. Persónulegri greinargerð um forsendur og áhugasvið.
- d. Meðmælum frá vinnuveitanda ef viðkomandi hefur starfsreynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- e. Persónulegum viðtölum þegar þurfa þykir.

Sérstök inntökunefnd matvæla- og næringarfræðideildar annast val nemenda.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum fræðasviða og deilda háskólans, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008

Nr. 1256

18. desember 2017

um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi og verður beitt frá og með háskólaárinu 2018-2019.

Háskóla Íslands, 18. desember 2017.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2018